**Námsáætlun fyrir dönsku - 7. bekkur**
**skólaárið 2019 – 2020**

**Kennari:** Halla Karen Guðjónsdóttir
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | **Að nemandi geti:**<br>• skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.<br>• haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum.<br>• í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum. | Samræður við kennara og samnemendur. Ritun um afmörkuð efni og með aðstoð t.d. mynda.<br><br>Notkun afmarkaðs orðaforða í samræðum.<br><br>Áhorf á kvikmyndir og þætti, ásamt verkefnum úr þeim. | Hlustunarpróf<br><br>Munnlegt próf<br><br>Munnlegt próf |
| **Lestur og bókmenntir** | • lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og | Lestur úr Start og Smart.<br><br>Þýðing á upplestri í grófum dráttum. | Kaflapróf, lesin og ólesin texti.<br><br>Kaflapróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | áhugamálum.<br>• sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. | Skýrt frá texta og gert grein fyrir mun samanborið við íslenska menningu. | |
| **Ritun**<br><br>**Málfræði** | • skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega.<br>• tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki. | Ritunarverkefni í verkefnabókum Start og Smart<br><br>Ítarefni frá kennara. | Ritun um afmarkað efni.<br><br>Skrifað algeng og einföld orð og setningar rétt. |
| **Námsgögn:** Start, Smart, danskar kvikmyndir/þættir, danskir söngvar, smáforrit í ipad, ítarefni frá kennara. | | | |
| **Lokanámsmat:**<br>Kafla- og hlustunarpróf<br>munnlegt próf<br>vinnubók, ritun<br>glósupróf<br>Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D | | | |